

## Reglur um vottun virkjana fyrir útgáfu upprunaábyrgða

### 0. Breytingar frá fyrri útgáfu

Hér er um frumútgáfu að ræða.

### 1. Inngangur

- 1.1. Neðangreindar reglur eiga við vottanir virkjana fyrir útgáfu upprunaábyrgða hjá Landsneti hf. Reglurnar grundvallast á 2. mgr. 3. gr. laga um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., en samkvæmt henni hefur Landsnet hf. eftirlit með því að raforka, sem það gefur út upprunaábyrgð fyrir, sé í raun framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í skilningi laga þessara í samræmi við viðmiðanir sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

### 2. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda um reglur þessar:

- 2.1. Endurnýjanlegir orkugjafar: Endurnýjanlegir orkugjafar sem eru ekki jarðefnaeldsneyti (vindorka, sólarorka, jarðvarmaorka, öldu- og sjávarfallaorka, vatnsorka og orka úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi).
- 2.2. Lífmassi: Lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs- og efnaleifa frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og húsasorps.
- 2.3. Raforka sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum: Raforka frá orkuverum sem eingöngu nota endurnýjanlega orkugjafa, auk raforku sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum í verum með blandaðri tækni þar sem notaðir eru óendurnýjanlegir orkugjafar auk endurnýjanlegra orkugjafa.
- 2.4. Upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum: Staðfesting á að raforka sé framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.m.t. vindorku, sólarorku, jarðvarmaorku, öldu- og sjávarfallaorku, vatnsorku og orku úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi, en ekki orkugjöfum úr jarðefnaeldsneyti.
- 2.5. Vottunaraðili: Sá aðili sem annast vottun virkjana vegna útgáfu upprunaábyrgða.

### 3. Vottunaraðili

- 3.1. Landsnet hf. annast vottun virkjana á Íslandi vegna útgáfu upprunaábyrgða. Vottun annars vottunaraðila en Landsnets hf. á virkjun vegna útgáfu upprunaábyrgða, telst fullnægjandi ef (i) vottun er yngri en 5 ára, (ii) vottunargögn uppfylli þær viðmiðanir sem taldar eru upp í 4. kafla þessara reglna og (iii) vottunaraðili teljast fullnægjandi af mati Landsnets.

### 4. Viðmiðanir við vottun virkjana

- 4.1. Við vottun virkjunar vegna útgáfu upprunaábyrgðar skal vottunaraðili ganga úr skugga um að eftirfarandi viðmið séu uppfyllt:
  1. Raforka frá virkjuninni er eingöngu framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum.
  2. Eingöngu eru gefnar út ábyrgðir fyrir þá raforku sem seld er frá virkjuninni.

3. Framleiðandinn einn og/eða aðili sem hann tilnefnir hefur rétt til að markaðssetja viðkomandi upprunaábyrgðir.
4. Mælingar á framleiðslu viðkomandi virkjunar eru áreiðanlegar.

## **5. Gildistími**

- 5.1. Vottun virkjunar er gild í 5 ár frá þeim degi sem virkjun er vottuð. Að þeim tíma liðnum skal votta virkjun aftur.